

## Sveitarstjórn Húnavatnshrepps 154. fundur

Miðvikudaginn 17. september 2014 kom sveitarstjórn Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13:00. Þorleifur Ingvarsson, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

**Mætt voru:** Þorleifur Ingvarsson, Sigrún Hauksdóttir, Jóhanna Magnúsdóttir, Jón Gíslason, Þóra Sverrisdóttir, Magnús R. Sigurðsson, Kristín Rós Sigurðardóttir, Rannveig Lena Gísladóttir, aðalbókari og Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Einar Kristján Jónsson ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. **Skýrsla sveitarstjóra um framkvæmdir ofl. (munnleg)**
2. **Siðareglur kjörinna fulltrúa Húnavatnshrepps.**
3. **Erindisbréf**
  - a. Skipulags- og byggingarnefnd
  - b. Fræðslunefnd
  - c. Atvinnumála- og fjarskiptanefnd
  - d. Kjörstjórn
4. **Fundargerðir:**
  - a) Atvinnumála- og fjarskiptanefndar Húnavatnshrepps frá 10. september 2014.
  - b) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps frá 11. september 2014.
  - c) Stjórnar Fasteigna Húnavatnshrepps frá 3. september 2014.
5. **Bréf sem borist hafa:**
  - a) Frá Lax-á, Valgerði Baldursdóttur, dagsett 28. ágúst 2014 (tölvupóstur). Beiðni um lækkuar á sorphirðugjöldum veiðihúss að Gunnsteinsstöðum
  - b) Frá Samtökum ungra bænda (SUB), dagsett 4. september 2014 (tölvupóstur). Ályktun frá SUB.
  - c) Frá stjórn og forstöðumanni Héraðsbókasafnsins A-Hún, dagsett 3. september 2014. Beiðni um að sett verði upp upplýsingamiðstöð í húsnaði bókasafnsins.
  - d) Frá ábúendum Tinda, dagsett 7. september 2014. Ósk um lagfæringar á rotþró
  - e) Frá Ungmennasambandi Austur Húnavatnssýslu (USAH), ódagsett móttekið 8. september 2014. Ósk um skipun fulltrúa í undirbúningshóp vegna Landsmóts 50+ 2015.
  - f) Frá Fasteignum Húnavatnshrepps, dagsett 3. september 2014. Ósk um að sveitarfélagið láti gera eignaskiptasamning.
  - g) Frá Kristjáni Þorbjörnssyni, dagsett 2. júlí 2014 ásamt bréfi dagsett 20. ágúst 2014 frá sama aðila. Efni: Afréttargirðing meðfram Gljúfurá
  - h) Frá Hveravallafélaginu ehf., ásamt fylgigögnum dagsett 9. september 2014. Varðar uppbyggingu á Hveravöllum
6. **Önnur mál**

Oddviti setti fundinn kl. 13:00.

Eftirfarandi breytingar voru samþykktar á boðaðri dagskrá: Fundargerð fjallskiladeildar Bólstaðarhlíðarhrepps frá 16. ágúst 2014 verður d í lið 4. Bréf frá Guðmundi Guðmundssyni verður i í lið 5.

**1. Skýrsla sveitarstjóra um framkvæmdir ofl. (munnleg)**

*Sveitarstjóri gerði grein fyrir þeim framkvæmdum sem átt hafa sér stað hjá sveitarfélaginu á síðustu vikum. Jafnframt greindi hann frá stöðu mála vegna sumarhótels á Húnavöllum. Ennfremur greindi hann frá því að Sólveig Benjamínsdóttir hafi lýst áhuga á því að vera áfram með Áfanga næsta sumar.*

**2. Siðareglur kjörinna fulltrúa Húnavatnshrepps.**

- a. Oddviti lagði fram til umræðu, siðareglur kjörinna fulltrúa, Húnavatnshrepps.
  - i. Fyrirliggjandi siðareglur samþykktar samhljóða

**3. Erindisbréf**

- a. Oddviti lagði fram erindisbréf skipulags- og byggingarnefndar, fræðslunefndar, atvinnumála- og fjarskiptanefndar og kjörstjórnar
  - i. Fyrirliggjandi erindisbréf samþykkt samhljóða.

**4. Fundargerðir:**

- a. Atvinnumála- og fjarskiptanefndar Húnavatnshrepps frá 10. september 2014.
  - i. Lagt fram til kynningar, sveitarstjóra falið að áætla kostnað við að leggja ljósleiðara um sveitarfélagið skv. 4 lið fundargerðar nefndarinnar.
- b. Fræðslunefndar Húnavatnshrepps frá 11. september 2014.
  - i. Lagt fram til kynningar, Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri mætti á fund sveitarstjórnar, gerði grein fyrir umsækjendum og umsóknarferli vegna ráðningar á matráði. Jafnframt greindi Sigríður frá starfi leik- og grunnskóla sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir tillögu fræðslunefndar um ráðningu Nönnu Sigríðar Guðmannsdóttur í stöðu matráðs við Húnavallaskóla.
  - ii. **Fulltrúar E- lista lögðu fram eftirfarandi bókun:** “Fulltrúar E-lista telja óeðlilegt hversu lengi hefur dregist að ganga frá ráðningu matráðs við Húnavallaskóla, þar sem tillaga svokallaðrar ráðningarnefndar lá fyrir þann 28. ágúst sl. Fulltrúar E-lista telja að eðlilegt hefði verið að boða til símafundar til að flýta ráðningaferlinu”.
- c. Stjórnar Fasteigna Húnavatnshrepps frá 3. september 2014.
  - i. Lagt fram til kynningar

d. *Fjallskiladeildar Bólstaðarhlíðarhrepps frá 16. ágúst 2014*

i. *Lagt fram til kynningar, sveitarstjórn samþykkir breytt fyrirkomulag á smalamennsku í Laxárdalsfjöllum.*

**5. Bréf sem borist hafa:**

a. Frá Lax-á, Valgerði Baldursdóttur, dagsett 28. ágúst 2014 (tölvupóstur). Beiðni um lækkunar á sorphirðugjöldum veiðihúss að Gunnsteinsstöðum

i. *Lagt fram til kynningar. Oddviti gerði grein fyrir álagningu sorphirðugjalda vegna veiðihússins að Gunnsteinsstöðum. Sveitarstjórn vísar erindinu til skoðunarnefndar á sorphirðumálum og gjaldskráum þeim tengdum.*

*Kaffihlé gert klukkan 15:15*

*Fundi framhaldið klukkan 15:45*

b. Frá Samtökum ungra bænda (SUB), dagsett 4. september 2014 (tölvupóstur). Ályktun frá SUB.

i. *Lagt fram til kynningar: Aðalfundur Samtaka ungra bænda haldinn í Úthlíð 22. mars 2014 hvetur sveitastjórnafulltrúa til að kynna sér og nýta heimildir í skipulagslögum við gerð aðal- og deiliskipulags til að varðveita landbúnaðarland. Einnig verður að skilgreina mismunandi undirflokka landbúnaðarlands, svo sem land til skógræktar, jarðræktar, beitarland og fleira.*

ii. *. Ályktun send skipulags- og byggingarnefnd.*

c. Frá stjórn og forstöðumanni Héraðsbókasafns A-Hún, dagsett 3. september 2014. Beiðni um að sett verði upp upplýsingamiðstöð í húsnæði bókasafnsins.

i. *Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn lítur jákvætt á tillögur stjórnar og forstöðumanns Héraðsbókasafns A-Hún. Sveitarstjóra falið að kanna hug forsvarsmanna Blönduósbæjar til hugmyndarinnar.*

d. Frá ábúendum Tinda, dagsett 7. september 2014. Ósk um lagfæringar á rotþró Undir þessum lið vék Kristín Rós Sigurðardóttir af fundi.

i. *Lagt fram til kynningar. Sveitarstjóra falið að láta kanna ástand og láta lagfæra rotþró á Tindum sé þess þörf.*

- e. Frá Ungmennasambandi Austur Húnavatnssýslu (USAH), ódagsett móttekið 8. september 2014. Ósk um skipun fulltrúa í undirbúningshóp vegna Landsmóts 50+ 2015.
- i. *Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn samþykkti að skipa Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóra sem fulltrúa Húnavatnshrepps í undirbúningshóp vegna Landsmóts 50+ sem haldið verður í Austur Húnavatnssýslu árið 2015.*
- f. Frá Fasteignum Húnavatnshrepps, dagsett 3. september 2014. Ósk um að sveitarfélagið láti gera eignaskiptasamning.
- i. *Lagt fram til kynningar. Sveitarstjóra falið að kanna kostnað við gerð á eignaskiptasamningi.*
- g. Frá Kristjáni Þorbjörnssyni, dagsett 2. júlí 2014 ásamt bréfi dagsett 20. ágúst 2014 frá sama aðila. Efni: Afréttargirðing meðfram Gljúfurá fyrir landi Gilsstaða
- i. *Lagt fram til kynningar. Oddviti lagði fram samning sem gerður var þann 27. ágúst 2001 á milli Áshrepps og Sveinsstaðahrepps annars vegar og eiganda Þingeyrasels og Kornársels í Víðidalsfjalli hinsvegar, vegna endurgjalds fyrir beitarafnot af Þingeyrarselslandi og Kornárselslandi. Á grundvelli áður nefnds samnings hafnar sveitarstjórn beiðni Kristjáns Þorbjörnssonar um að sveitarfélagið beri 80% af kostnaði við fyrirhugaða girðingu meðfram Gljúfurá. Sveitarfélagið mun greiða 50% samkv. 5.gr laga 135/2001. Magnús R. Sigurðsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins vegna hagsmuna.*
- h. Frá Hveravallafélaginu ehf., ásamt fylgigögnum dagsett 9. september 2014. Varðar uppbyggingu á Hveravöllum
- i. *Lagt fram til kynningar. Sveitarstjóra og oddvita falið að vinna með stjórn Hveravallafélagsins að öflun rafmagns frá Blönduvirkjun fyrir Hveravelli. Sveitarstjórn samþykkir að halda stöðufund um framkvæmdir á Hveravöllum miðvikudaginn, 12 nóvember með fulltrúum Hveravallafélagsins.*
- i. Frá Guðmundi Guðmundssyni frá Fossum dagsett 13. ágúst 2014 (tölvupóstur)
- i. *Lagt fram til kynningar. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi við Guðmund Guðmundsson um vetrarveiði á ref.*

## 6. Önnur mál

- a. *Sveitarstjóri greindi frá kostnaði við vinnuskóla.*
- b. *Landshlutanefnd fyrir Norðurland vestra hélt fund á Blönduósi þann 15. september sl. Á fundinn mættu Sigrún Hauksdóttir, Jóhanna Magnúsdóttir, Magnús Sigurðsson, Þóra Sverrisdóttir og Einar Kristján Jónsson Sveitarfélaginu ber að skila inn sínum tillögum fyrir mánudaginn 22. september nk.*
  - i. *Sveitarstjóra og oddvita falið að ganga frá tillögum sveitarfélagsins og skila til nefndarinnar.*
- c. *Oddviti greindi frá samningi sem gerður hefur verið við AVIS- bílaleigu.*
- d. *Fjármálaráðstefna verður 9- 10. október*
- e. *Oddviti gerði grein fyrir rekstrarniðurstöðu Áfanga*

Fleira ekki gert,

Fundi slitið kl. 17:35

---

Þorleifur Ingvarsson

---

Jóhanna Magnúsdóttir

---

Þóra Sverrisdóttir

---

Jón Gíslason

---

Sigrún Hauksdóttir

---

Magnús R. Sigurðsson

---

Kristín Rós Sigurðardóttir

---

Einar Kristján Jónsson